

AUGLÝSING

174

27. sept.

um breyting á lyfsöluskrá I, frá 15. marz 1951.

Frá og með 1. október 1951 og þar til öðruvísi verður ákveðið hækkar um 10% verð á lyfjum samkvæmt lyfsöluskrá I frá 15. marz 1951, einnig verð á ílátum og umbúðum, svo og vinnu við lyfjagerð.

Heilbrigðismálaráðuneytið, 27. september 1951.

Steingrímur Steinþórsson.

Gústav A. Jónasson.

REGLUGERÐ

175

27. sept.

fyrir Menntaskóla.

I. KAFLI

Markmið skólanna og skipulag.

1. gr.

Markmið skólanna er að efla þroska nemenda sinna, veita þeim framhaldsmenntun að loknu miðskólanámi og búa þá undir háskólanám.

2. gr.

Í skólunum eru 4 ársbekkir, og greinast 3 efstu bekkirnir í 2 deildir: máladeild og stærðfræðideild.

3. gr.

Skólarnir eru jafnt fyrir konur sem karla.

II. KAFLI

Um inntöku nemenda í skólana.

4. gr.

Skólastjórn úrskurðar um inntöku nemenda í skóla.

5. gr.

Þessi eru almenn inntökuskilyrði:

1. að nemandi, sem tekinn er í 1. bekk, sé fullra 16 ára um næstu áramót. Aldursákvæði samkvæmt þessu gilda um inntöku í aðra bekki. Skólastjórn getur veitt undanþágu frá þessum ákvæðum;
2. að hann hafi engan næman sjúkdóm, sem öðrum geti að meini orðið;
3. að hann sé óspilltur að siðferði;
4. að hann leggi fram fæðingarvottorð, vottorð um miðskólapróf og önnur vottorð, sem skólastjóri kann að æskja.

6. gr.

Þeir einir geta fengið inngöngu í skólana, er lokið hafa miðskólaprófi bóknaámsdeildar með þeirri einkunn, sem tilskilin er, sbr. reglugerð um miðskólapróf í bóknaámsdeild. En leyfi ekki húsrúm menntaskólanna að við öllum sé tekið, er slíka